

Nd.

129. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928. (Slysatryggingalög).

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Við 1. gr.

a. Liður 1 b orðist svo:

Fiskimenn og formenn á vélbátum minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar eða fiskflutning á milli hafna innanlands í 1 mánuð á ári eða lengur.

- b. Liður 2 a. Aftan við liðinn bætist:
Par með talin stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
- c. Liður 2 b. Aftan af liðnum falli: „Þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvélar eru notaðar að staðaldri“.
- d. Liður 2 c. Í stað orðanna: „venjuleg bæjarhús eða útihús“ komi: torfhús.

2. gr.

Við 2. gr.

Fyrir „3 mönnum“ komi: forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og 2 meðstjórnendum.

3. gr.

Við 8. gr.

- a. Aftan við málsgreinina bætist:
Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.
- b. Á eftir orðinu „róðrabáta“ í annari málsgrein bætist: og vélbáta minni en 12 smálestir.

4. gr.

Við 12. gr.

Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgrein, svö hljóðandi:

Því aðeins ber að taka til greina og framsenda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld greidd eftir áætlun, áður en eða samhliða því, að atvinnureksturinn var hafinn.

5. gr.

Breytingar þær, er samþykktar verða, og sömuleiðis breytingar þær, er samþykktar voru á síðasta þingi, skulu færðar inn í texta laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar.

Greinargerð.

Breytingartillögur þær, er með frv. þessu eru bærnar fram við slysatryggingalögin, eru aðeins smábreytingar og lagfæringar á atriðum, sem valdið hafa vafa um skilning og örðugleikum á framkvæmd laganna.

Mega þær vera öllum auðskildar við samanburð við löginn sjálf. Mun verða gerð nánari grein fyrir þeim við 1. umr. frumvarpsins.